

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 8. janúar 2025.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.55.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Hildur Vilhelmsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Ragnar Hilmarsson, Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson, Viðar Halldórsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Már Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

1. Fundir janúar – maí 2025

Samþykkt að hafa stjórnarfundir ÍBH, 8. janúar, 5. febrúar, 5. mars, 2. apríl og 28. apríl. Samþykkt að halda 54. þing ÍBH 27. maí 2025. Íþróttaping ÍSÍ er dagana 16. – 17. maí 2025.

2. Nefndir stjórnar ÍBH 2023 – 2025

Farið yfir starf nefnda með stjórnarmönnum og áframhaldandi vinna skipulögð.

3. Knattspyrnuþing 2025 – boðun

79. ársþing KSÍ verður haldið á Hilton Reykjavík Nordica 22. febrúar 2025. Farið yfir gögn frá KSÍ varðandi þingið. ÍBH á rétt á því að senda einn fulltrúa á þingið sem hefur málfrelsi og tillögurétt.

4. Aukaarðgreiðsla frá Íslenskri getspá frá UMFÍ fyrir 2024

19. desember 2024 barst ÍBH aukaarðgreiðsla frá Íslenskri getspá frá UMFÍ fyrir árið 2024 að upphæð kr. 3.893.258. Stjórn ÍBH samþykkti rafrænt að þessi greiðsla skyldi greidd eftir lottóskiptireglum til aðildarfélaga ÍBH og ÍBH. Greiðslan var framkvæmd 28. desember 2024.

5. Greiðsluáætlun ÍBH fyrir 2025

Lagt fram til kynningar.

6. Greiðsluáætlun Afrekssjóðs ÍBH fyrir 2025

Lagt fram til kynningar.

7. Afrekssjóður ÍBH 2025

Minnisblað um greidda styrki 2024 lagt fram til kynningar og umræðna. Greiddir styrkir 2024 voru að upphæð kr. 31.250.000.

8. Staðgreiðsla skatta og tryggingagjalds vegna greiðslna til íþróttamanna og þjálfara

Bréf frá Skattinum var sent á íþróttafélög í desember 2024 þar sem farið var yfir skattamál íþróttahreyfingarinnar. Umræður um innihald bréfsins og leiðbeiningar um skattskyldu íþróttastarfsemi sem voru endurútgefnar í febrúar 2024 af Skattinum.

9. Fundur um skattaskyldu íþróttastarfsemi 9. janúar 2025 – ályktun

Íþróttahreyfingin á höfuðborgarsvæðinu, ÍBR, UMSK og ÍBH hafa boðað til fundar fimmtudaginn 9. janúar 2025 kl. 17.00 í Laugardalshöll Reykjavík um skattamál í íþróttahreyfingunni, starfsmaður ÍSÍ sem hefur staðið í viðræðum við Skattinn fyrir hönd ÍSÍ upplýsir íþróttahreyfinguna um stöðuna o.fl. Farið yfir drög að ályktun sem verður lögð fyrir fundinn.

10. Önnur mál

a). AÓ ræddi mál Afrekssjóðs ÍBH við stjórn ÍBH og fund stjórnar Afrekssjóðs ÍBH sem er fyrirhugaður í næstu viku.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.